

F U N D A R G E R Ð

24. apríl 2019

Fundur stjórnar, haldinn að Stjórnugróf 31.

Mættir: Karl Þráinsson, Eypóra Hjartardóttir og Elfa Þöll Grétarsdóttir.

Fundarefni:

1. Barnaþing 6. bekkinga haustið 2018.

Fundarefnið var „áhrif tækninnar á líf barna“. Farið var aðeins yfir niðurstöður af þinginu á fundi Foreldraþorpsins. Margt áhugavert kom fram í samantekt frá þinginu og greinilegt að börnin eru sjálf nokkuð meðvituð um ýmislegt sem ber að varast varðandi snjalltækjanotkun og skjátíma. Einnig kom fram að börn vilja reglur um skjánotkun.

2. Formleg afhending segla um skjátíma.

Formleg athöfn fór fram í Ráðhúsinu og Elfa Þöll mætti þar sem fulltrúi stjórnar FFF. Elfa sagði frá áhugaverðri frásögn nemanda úr Hólabrekkuskóla sem lýsti jákvæðri og áhugaverðri reynslu af breyttu skólasamfélagi eftir að notkun snjalltækja var bönnuð á skólatíma.

⇒ Seglarnir hafa verið afhentir nemendum í Fossvogsskóla.

3. Könnun frá SAMFOK.

Stjórn FFF barst tölvupóstur frá SAMFOK þar sem óskað er eftir að stjórn FFF svari eftirfarandi spurningum:

A) „Myndi stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla vilja að skólar í Reykjavík bönnuðu símanotkun á skólatíma ?

B) Hvernig gekk stjórn foreldrafélagsins að komast að samkomulagi um svar ?“

⇒ Stjórn FFF komst einróma að þeirri niðurstöðu að hún væri fylgjandi því að símanotkun væri bönnuð á skólatíma. Karl Þráins kemur afstöðu FFF til SAMFOK.

4. Samskipti í skólasamfélaginu.

Umræðu haldið áfram frá síðasta fundi. Fyrir hendi er gott samstarf í gegnum verkefnið „Beta líf í Bústaðahverfi“. Ákveðið hefur verið að fara í samstarfsverkefni í gegnum þennan vettvang í haust og verða áhersluþættirnir : „Svefn, rafrettunotkun(vape) og orkudrykkjanotkun“ en um er að ræða vaxandi vandamál í Réttarholtsskóla skv. nýrri könnun. FFF hefur jafnframt áhuga á að vinna með vináttufærni á sama hátt. Þeir sem koma að verkefninu eru fulltrúar frá Fossó, Réttó, Breiðó, Kringlumýri, Víkingi og Skátunum. Jafnframt verða settir í gang sérstakir rýnihópar, skipaðir fulltrúum nemenda og foreldra, til að vinna að verkefninu. => Stjórn ræði á næsta fundi hvernig fulltrúarnir verði valdir.

5. Færsla nemenda úr 3. bekk yfir í 4. bekk, (Vesturland yfir í Austurland).

Rætt hefur verið í skólaráði að erfiðleikar hafa komið upp við færslu nemenda úr Vesturlandi yfir í Austurland, þ.e. þegar börn færast yfir í 4. bekk að hausti. Ýmis vandamál virðast hafa komið upp við þessa tilfærslu. Ekki vitað nákvæmlega hvað

Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

veldur en mikilvægt að reyna að vinna með þetta. Um er að ræða töluverða breytingu sem greinilega reynist mörgum nemendum erfið og veldur óöryggi.

⇒ Stjórn er sammála um að mikilvægt sé að reyna að leysa úr þessu og reyna að gera tilfærsluna auðveldari og umskiptin minni þannig að öllum líði betur í nýju umhverfi. Karli Þráins, fulltrúa FFF í skólaráði falið að halda málinu á lofti í skólaráði og að það verði rætt þar áfram.

6. Veitingasala á vorhátíð.

Umræðu frá síðasta fundi haldið áfram.

⇒ Samþykkt að bjóða 6. bekk að yfirtaka veitingasölu (pylsusala, kökubasar, popp, bílskúrssala eða annað sem þeim dettur í hug) á vorhátíð og nýta sem fjáröflun. Karli Þráins falið að ræða við bekkjarfulltrúa 6. bekkjar.

7. Skýrsla frá Borginni varðandi myglumálin.

Skólastjóri hefur sent foreldrum skýrsluna. Upplýsingar til foreldra koma í gegnum skólaráð. Allir hópar eiga fulltrúa þar. Fulltrúar Borgarinnar og Verkís koma á fundi skólaráðs og gera grein fyrir stöðu mála. Næsti fundur skólaráðs verður í byrjun maí. Mikilvægt að upplýsingar verði veittar yfir sumartímamann á sambærilegan hátt.

8. Fræðsla til að fylla upp í skerta daga/sveigjanlega daga.

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

⇒ Byrja á því að fá upplýsingar um skertu dagana í skólaráði. Hvernig er fyrirkomulag í kringum dagana og hvernig eru reglurnar um þá? Karl Þráins tekur upp í skólaráði. Rætt áfram á næsta fundi.

9. Bekkjarfulltrúar.

Lítið verið gert í vetur í flestum árgöngum. Vantar hvatningu frá stjórn því oft er fólk tilbúið að fara af stað ef einhver lætur boltann hreyfast.

⇒ Stefnt að betri stuðningi og hvatningu við þetta starf næsta vetur.

10. Foreldrarölt.

Rölt á föstudagskvöldum. Skipulagning verkefnisins komin vel af stað. Foreldrar eldri bekkinga fara tvöfalt oftar en foreldrar yngstu barnanna. Stjórnir foreldrafélaga skólanna í hverfinu munu prufkeyra röltið alla föstudaga í maímánuði. Hverfinu verður skipt í þrennt og mun stjórn FFF röлта í Fossvoginum.

⇒ Stefnt að fyrsta rölti 3. maí nk. Fossó kaupir 10 vesti, tvær ruslatínur og tvö vasaljós fyrir Fossó og Breiðó þar sem FFF fékk styrk í þetta verkefni. Næsta haust verður verkefnið keyrt í gang af fullum krafti og þá verður bekkjarfulltrúum falið að sjá um að manna röltið þá daga sem viðkomandi árgangur á að röлта. Karl eða Elfa ræða við tengilið frá Seljaskóla.

11. Lífsleikninámskeið skóla- og frístundasviðs fyrir kennara.

Fram kom á fundi í Foreldraþorpinu að skóla- og frístundasvið býður upp á lífsleikninámskeið fyrir kennara í skólum borgarinnar.

⇒ Karli Þráins falið að spyrjast fyrir um það á skólaráðsfundi hvort einhverjir kennarar úr Fossó hafi/séu að fara á þetta námskeið.

Fundargerð ritaði Eyþóra H.